

Flestallir listamenn mála sjálfsmyndir einhverntímann á ævinni. Um helgina lýkur á Kjarvalsstöðum sýningunni „Sjálfsmyndir".

Kjarvalsstaðir:

Sjálfsmyndir

Á sunnudagskvöld lýkur á Kjarvalsstöðum sýningunni „Sjálfsmyndir".

Flestallir listamenn hafa einhverntímann litið í spegil og fest eigin ásjónu á mynd. Margir hafa þó gert það sem æfingu eða með þeim ásetningi einum að ná andlitssvipnum. Aðrir, og þeir eru mun færri, hafa unnið markvisst og gert sjálfsmyndir með reglulegu millibili, raunverulegar sjálfsmyndir sem eru hluti af sköpun og frumleika viðkomandi listamanna. Sýningunni á Kjarvalsstöðum er ekki ætlað að vera sögulegt yfirlit eða heildarúttekt á sjálfsmyndum íslenskra listamanna, heldur er hér stiklað í gegnum íslenska listasögu og reynt eftir megni að velja margbreytileg og góð verk listunnendum til skemmtunar og yndisauka.

Leikfélag Akureyrar:

Piltur og stúlka

– síðustu sýningar

Á föstudag og laugardag klukkan 20.30 eru síðustu sýningar hjá Leikfélagi Akureyrar á Pilti og stúlku.

Verkið er sýnt í leikgerð Emils Thoroddsen gerðri eftir skáldsögu Jóns Thoroddsen. Sagan sjálf er hugljúf ástarsaga sem birtir nútímamanninum makalausa þjóðlífslýsingu frá miðri öldinni sem leið. Það eru ekki síst hinar makalausu persónulýsingar sögunnar sem hafa hrifið fólk og flestir Íslendingar eiga sínar eigin ímyndir af Gróu á Leiti og Bárði á Búrfelli. Bæði í leikgerðinni og í sögunni eru persónurnar ofurlítið ýktar en það er stílbragð höfundar til að gera þær skýrari.

Í leikritinu koma fram allir þekktustu leikarar Leikfélags Akureyrar, auk nokkurra annarra sem ekki hafa leikið með leikfélaginu áður.



Gróa á Leiti og Sigríður ræðast við en þær stöllur leika Þórey Aðalsteinsdóttur og Arnheiður Ingimundardóttir.

Fríkirkja

Heimsþe fiðlusnill

Í kvöld kl. 20.30 verða tónleikar í Fríkirkjunni í Reykjavík og hefjast þeir kl. 20.30. Júgóslavneski fiðlusnillingurinn, Miha Pogacnik, leikur einleiksverk fyrir fiðlu eftir Johann Sebastian Bach.

Miha Pogacnik fæddist í Slóveníu árið 1949, nam fiðluleik hjá Igor Ozym, Max Rostahl, Henryk Sxeryng og Josem Gingold í Júgóslavíu og Vestur-Þýskalandi, auk þess sem hann hlaut Fulbright-styrk til náms í Bandaríkjunum þar sem hann er nú búsettur. Hann heldur meira en eitt hundrað konserta á ári, bæði sem einleikari og sem sólisti með hljómsveit- um. þess um, og H Tó hald ist I þýði ólík inna Á verk Sóna onna

Gallerí Borg:


Sýningu Hörpu að ljúka

Þann 16. febrúar lýkur í Gallerí Borg, Pósthússtræti 9, sýningu Hörpu Björnsdóttur. Á sýningunni eru einþrykk og önnur verk, unnin með blandaðri tækni á pappír. Sýningin er opin virka daga frá kl. 10.00–18.00 en um helgar frá klukkan 14.00–18.00.



Verk eftir

Messur



Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudag 14. febrúar '88

Fræðslukvöld, sem haldið er á vegum Reykjavíkurprófastsdæmis og öllum er opið, verður í Háteigskirkju nk. þriðjudag, 16. febrúar, og hefst kl. 20.30. Umræðuefni: Náðargjafavakningin kemur til Íslands. „Hvað er Ungt fólk með hlutverk, Vegurinn, Krossinn?" Fyrirlesari séra Jónas Gíslason dósent.

Árbæjarprestakall: Barnasamkoma í Foldaskóla í Grafarvogshverfi laugardag kl. 11 árdegis. Barnasamkoma í Árbæjarkirkju kl. 14. Organleikari Jón Mýrdal. Vænst er þátttöku fermingarbarna og foreldra þeirra í guðsþjónustunni. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Áskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Kaffisala safnaðarfélags Ásprestakalls eftir messu. Munið kirkjubílinn. Miðvikudagur 17. febr.: Föstumessa kl. 20.30. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Borgarspítalinn: Guðsþjónusta kl. 10.30. Sr. Sigfinnur Þorleifsson.

Breiðholtsprestakall: Barnasamkoma kl. 11 í Breiðholtsskóla. Guðsþjónusta kl. 14 í Breiðholtsskóla. Organisti Daníel Jónasson. Sr. Gísli Jónasson.

Bústaðakirkja: Barnastarf: Sameiginleg barnasamkoma í Neskirkju kl. 11. Farið fra Bústaðakirkju kl. 10.45. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur séra Ólafur Jens Sigurðsson. Organisti Jónas Þórir. Æskulýðsfélagsfundur þriðjudagskvöld. Félagsstarf aldraðra miðvikudagssíðdegi. Sr. Ólafur Skúlason.

Digranesprestakall: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Aðalfundur kirkjufélagsins fimmtudagskvöld kl. 20.30 í safnaðarheimilinu. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

Dómkirkjan: Laugardagur: Barnasamkoma í kirkjunni kl. 10.30. Egill Hallgrímsson. Sunnudagur: Messa kl. 11. Altarisganga. Orgelleikur í 20 mín. fyrir messuna. Sr. Hjalti Guðmundsson. Messa kl. 14. Fermingarbörn flytja bænir og ritningartexta. Sr. Þórir Stephensen. Dómkórinn syngur við báðar messurnar. Organleikari Marteinn H. Friðriksson.

Elliheimilið Grund: Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Gylfi Jónsson.

Fella- og Hólakirkja: Sunnudagaskóli kl. 11. Umsjón Ragnheiður Sverrisdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Guðm. Karl Ágústsson. Organisti Guðný Margrét Magnúsdóttir. Æskulýðsfélagsfundur mánudagskvöld kl. 20.30. Miðvikudagur: Öskudagshátíð kl. 14.00 fyrir 6 ára og eldri. Messa kl. 20.00. Sóknarprestar.

Fríkirkjan í Reykjavík: Föstudagur 12. febr. kl. 20.30. Júgóslavneski fiðlusnillingurinn Miha Pogacnik leikur verk eftir Bach. Sunnudagur: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðspjallið í myndum. Barnasálmar og smábarnasöngvar. Afmælisbörn boðin sérstaklega velkomin. Framhaldssaga. Við píanóið Pavel Smid. Sr. Gunnar Björnsson.

Grensáskirkja: Barnasamkoma kl. 11. Messa með altarisgöngu kl. 14. Organisti Árni Arinbjarnarson. Sr. Guðmundur Örn Ragnarsson.

Hallgrímskirkja: Barnasamkoma og messa kl. 11. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Messa heyrnarlausra kl. 14. Sr. Miyako Þórðarson. Kvöldmessa kl. 17. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Þriðjudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum.

Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson.

Háteigskirkja: Morgunmessa kl. 10. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Sr. Arngrímur Jónsson. Messa kl. 14. Sr. Tómas Sveinsson.

Hjallaprestakall í Kópavogi: Barnasamkoma kl. 11 í messuheimili Hjallasóknar í Digranesskóla. Foreldrar eru hvattir til að fylgja börnunum. Almenn guðsþjónusta kl. 14 í messuheimilinu. Hulda Guðrún Geirsdóttir syngur stólvers. Kirkjukór Hjallasóknar syngur. Organleikari og kórstjóri Friðrik V. Stefánsson. Sr. Kristján Einar Þorvarðarson.

Kársnesprestakall: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu Borgum kl. 11 árdegis. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 14. Opið hús í safnaðarheimilinu Borgum miðvikudagskvöld 17. febr. kl. 20.30. Gestur: Björn Tryggvason, fyrrv. form. Rauða Kross Íslands, segir frá starfi Rauða krossins í Vestmannaeyjagosinu 1973 og sýnir myndir. Sr. Árni Pálsson.

Langholtskirkja: Kirkja Guðbrands biskups. Óskastund barnanna kl. 11. Söngur – sögur – myndir. Þórhallur Heimisson guðfræðinemi sér um stundina. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Oddný Þorsteinsdóttir. Prestur sr. Sig. Haukur Guðjónsson. Söknarnefndin.

Laugarnesprestakall: Laugardagur 13. febr.: Guðsþjónusta í Hátúni 10b 9 hæð kl. 11. Sunnudagur: Guðsþjónusta kl. 11. Barnastarf. Kaffisopi eftir guðsþjónustuna. Fermingarbörn og foreldrar þeirra sérstaklega hvött til að koma. Mánudagur 15. febr.: Æskulýðsfundur kl. 18.00. Söknarprestur.

Neskirkja: Laugardagur: Æskulýðsfundur fyrir 11–12 ára kl. 13. Samverustund aldraðra kl. 15. Spilað verður bingó. Sunnudagur: Barnasamkoma kl. 11. Munið kirkjubílinn. Guðsþjónusta kl. 14.00 í umsjá sr. Ólafs Skúlasonar dómprófasts. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Fræðslufundur kl. 15.15. Guðrún Kristjánsdóttir lektor í hjúkrunarfræðum fjallar um efnið „heilbrigði barna" Umræður að erindi loknu. Guðmundur Óskar Ólafsson. Mánudagur: Æskulýðsfélagsfundur kl. 19.30. Þriðjudagur og fimmtudagur: Opið hús fyrir aldraðra kl. 13–17. Fimmtudagur: Föstuguðsþjónusta kl. 20.00. Guðm. Óskar Ólafsson.

Seljakirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Í anddyri kirkjunnar er sýning á Biblíum og Biblíubókum. Söknarprestur.

Seltjarnarneskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Eirný og Solveig Lára. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Sighvatur Jónasson. Prestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir. Kaffisopi á eftir. Æskulýðsfélagsfundur mánudagskvöld kl. 20.30. Opið hús fyrir 10–12 ára þriðjudag kl. 17.30. Söknarprestur.

Fríkirkjan í Hafnarfirði: Barnasamkoma kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Örn Falkner. Einar Eyjólfsson.

Hafnarfjarðarkirkja: Sunnudagaskóli kl. 10.30. Munið skólabílinn. Guðsþjónusta kl. 14.00. Fermingarbörn aðstoða. Organisti Helgi Bragason. Séra Gunnþór Ingason.

Stokkseyrarkirkja: Barnamessa kl. 11. Söknarprestur.

Eyrarbakkakirkja: Messa kl. 14. Söknarprestur.

Þingvallakirkja: Guðsþjónusta verður á sunnudag kl. 14. Organleikari Einar Sigurðsson. Söknarprestur.

Ferðalög

Ferðafélag Íslands

Dagsferð sunnudaginn 14. febrúar: kl. 13 Skarðsmýrarfjall – Innstidalur. Ekið sem leið liggur að Kolviðarhóli og gengið þaðan um Hellisskarð. Skíðagönguferð fellur niður vegna snjóleysis. Verð kr. 600. Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farmiðar við bíl. Vetrarferð á Þingvöll verður sunnudaginn 21. febrúar og Gullfoss í klakaböndum – dagsferð sunnudaginn 28. febrúar.

Útivistarferðir

Sunnudagur 14. febr.

1. kl. 10.30 Gullfoss í klakaböndum. Nú er fossinn í stórkostlegum klakaböndum eftir frostkafla undanfarna daga. Einnig farið að Geysi, fossinum Faxa, Laugarvatni o.fl. Verð 1.200 kr.

2. kl. 13 gönguferð með Ölfusá í klakaböndum. Ný ferð. Ekið að Kaldaðarnesi (minjar herflugvallar) og gengið til Selfoss. Á Selfossi verður safnaskoðun undir leiðsögn Hildar Hákonardóttur. Dýra-, lista- og byggðasafn skoðað. Verð 800 kr.

3. kl. 13 skíðaganga á Hellisheiði. Gönguskíðaferð við allra hæfi. Verð 600 kr. Frítt í ferðirnar f. börn m. fullorðnum. Brottför frá BSÍ, bensínsölu. Tilvaldar fjölskylduferðir. Sjáumst.

Laugardagsganga Hana nú

Vikuleg laugardagsganga Hana nú í Kópavogi verður á morgun, 13. febrúar. Lagt af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10. Samvera, súrefni og hreyfing. Byrjið góða helgi í skemmtilegum félagsskap. Nýlagað molakaffi.

Leikhús

Litli sótarinn í söngför um Norðurland

Í kvöld mun um 30 manna hópur á vegum Íslensku óperunnar leggja upp í söngför um Norðurland með barnaóperuna Litla sótarann eftir Benjamin Britten. Ætlunin er að halda sýningu í Miðgarði, Varmahlíð, á sunnudag kl. 14. Litli sótarinn verður aftur á fjölum Íslensku óperunnar eftir frumsýningu á Don Giovanni sem er 19. febrúar nk. og verða þá sýningar um helgar og í miðri viku. Miðasala er þegar hafin á þær sýningar. Miðasalan er opin alla daga kl. 15–19.

Þjóðleikhúsið

Vesalingarnir, sýningar föstudags- og laugardagskvöld kl. 20.

Bílaverkstæði Badda, sýning á laugardag kl. 16 og sunnudagskvöld kl. 20.30.

Ég þekki þig – þú ekki mig. Íslenski dansflokkurinn frumsýnir fjögur ballettverk eftir John Wisman og Henk Schut á sunnudagskvöld.

Ás-leikhúsið sýnir leikritið Farðu ekki . . . á sunnudag kl. 16.

Eggleikhúsið sýnir Á sama stað á laugardag kl. 13 og sunnudag kl. 12. Sýningar fara fram í veitingastaðnum Mandarínanum v/Tryggvagötu.